

um helgina



Fimm af „Norðan“-mönnum á Kjarvalsstöðum.

„Norðan 7“ á Kjarvalsstöðum

Það er ekki á hverjum degi að menn norður í landi heira okkur sunnanmenn með stórum myndlistarsýningum. Það er því mikill fengur í sýningu þeirri sem 7 Akureyringar halda um þessar mundir á Kjarvalsstöðum og kalla „Norðan 7“.

Reyndar er það hvítleitt að ekki skuli vera meiri hreyfing á sýningum landshorna í millum, þegar enginn tálmi er á samgöngum og miðlum menningar ætti að ganga jafnt snuðulaust og dreifing annarra afurða. Við megum varast að höfva landið um of í lokuð menningarsvæði, því bæði er að Íslendingar eru fírir og litlir fjármunir til skiptanna, þegar listir eru annars vegar. Hitt verður að forðast að slíkur sameiginlegur pottur komi einu héraði til góða á kostnað annarra, eins og reyndin hefur alltaf verið allt oft lengi.

landslags- og stemmningamyndir, eðlilegar og leikandi unnar.

Helgi Vilberg fest einnig við fantasíu í málverkum sínum. Þótt hann ráði yfir ágætis tækni eru myndir hans of veikkjögðar og auglýsingakenndar í ætt við umslög utan um dægurablaðhljóplötur.

Krítar- og dúkkuráarmyndir Kristins G. eru persónulegar og sannar og bera vott um mikla svartlistarhæfileika. Málverkin eru síðir en þó er í þeim leit og tilraunir sem vænlegar eru til árangurs.

Guðmundur Ármann sýnir einnig mikil tilþrif sem teiknari 6. tilbrigði við þjóðsögu „Og hana móður“ um að finna“, er með því besta á myndinni.

Oli G. Jóhannsson sýnir yfir 20 akrýlmýndir. Þær eru raunsejar og stemmningafullar. Flestar eru myndirnar frá höfninni, af bátum, tekjum og tólum sem þar er að finna. Í þeim er mikil rökkrúttstemning og hefur Oli fundið sér látlausan en fágáðan stíl, fullan af innleið og hlýju.

Órn Ingi er greinilega metnaðarfullur þeirra félagar. Hann sýnir risastórt verk í fjórnum hlutum, „Martröð staðarvalsnefndar“, sem of langt máli væri að fara ofan í sauman á. Annars höfðuðu verk á borð við „Tveggjun“ og „Speglin“ mest til mín í einföldum en fagmanlegum gerðum sínum. Hér er reyndar fagmennskan í fyrirrúmi og er það m.a. styrkur Arnar.

Annars duga fátægleg orð skammt til að lýsa sýningu 7-meninganna, hana þarf fólk að sjá með eigin augum.

Yfirlitssýning Jóns Þorleifssonar

Skip og fjöll rétt fyrir afstraktið

Fjöll okkar frægust, byggjur og bátar og síðarpón – allt túlkað í þeim anda sem upp kemur á leiðinni frá eftirlitningunni, en áður er afstraktið byrjar. Þetta blasir við gesti á stórrí sýningu á verkum Jóns Þorleifssonar sem hefur verið opnuð í Listasafni Íslands.



Frá Siglufirði (Málverk frá 1950).

Í sýningarskrá segir Selma Jónsdóttir m.a.: „Oft túlkaði hann í verkum sínum með innilegum næmleika hlýju landsins og mjúka líti, þetta fingerða og hverfla líf náttúrunnar þegar landið lifnar á vori. Þá má ekki gleyma verkum hans, lii,sterkum og fastbyggðum, úr þorpum og bæjum – með íbúnum úmíst að hvíld eða störfum. Það er reisin yfir fólkina, birta og ró...“

Jón Þorleifsson var Hornfirðingur, fæddur 1891 og lést 1961. Hann lærði í Kaupmannahöfn og París og

leiklist

Töfraflautan

Í gærkvöldi var frumsýnd í Íslensku Óperunni hin fræga ópera Mozarts, „Töfraflautan“. Hljóm-sveitarstjóri er Gilbert Levine og leikstjóri Þórhildur Þorleifsdóttir. Leikmynd og búninga gera þau Jón Þórisson og Dóra Einarisdóttir. Sýningar verða nú um helgina, í kvöld kl. 20.00 og á sama tíma á sunnudag.

Þá verða tvær sýningar á Litla sötaranum á laugardag, kl. 14.00 og 17.00. Skólásýningar hafa verið að undanfögnu á þessari vísu barnaóperu í samráði við tónmenntakennara grunnskólanna.

Leikfélag Reykjavíkur

Fjögur leikrit um helgina

Í kvöld, föstudag, er leikrit Kjartans Ragnarssonar JÓI sýnt í 98. skipti hjá Leikfélagi Reykjavíkur og er uppselt á þá sýningu. Sömuöldis er uppselt á Skilnað eftir Kjartan á laugardagskvöldi, en þetta nýja verk hans hefur vakið verðskuldaða athygli, ekki síst vegna nýstárlegrar sviðsetningar.

Á laugardagskvöldi er miðnætursýning í Austurbærjartúni á Hassinu hennar mómmu eftir Dario Fo en undanfarnar helgar hefur selst upp á þá sýningu á svipstundu og fólk því ráðlagt að draga ekki að fá sér miða.

Á sunnudagskvöldi er 5. sýning á Írlandskortinu, nýjasta verkefni Leikfélagsins, en það er nýtt írskt leikrit um samskipti írskt sveitafólks og breskra hermanna á síðustu öld.

Aðeins tvær sýningar eftir á Gosa

„Hjálparkokkarnir“ verða frumsýndir í Þjóðleikhúsinu í kvöld, en önnur sýning á þessum gamanleik er á sunnudag.

„Garðveislán“ er á laugardagskvöldi, en mikil aðsókn hefur verið að þessari umdeildu sýningu. Þá er 45. sýning á „Gosa“ á sunnudag, og um kvöldið er „Tvíleikur“ í kjallaranum. Aðeins tvær sýningar eru eftir á „Gosa“, sem Brynja Benediktisdóttir skrifaði eftir sögu Collodis, en Gosa sjálfan leikur Arni Blandon. „Tvíleikurinn“ hefur vakið mikla athygli, og verður næsta sýning eftir sunnudagssýninguna á Þríðjudagskvöldi.

Leikfélag Akureyrar:

Mikil aðsókn að „Atómstöðinni“

Aðsókn að sýningu Leikfélags Akureyrar á Atómstöðinni hefur verið mjög góð og nú um helgina verða þrjár sýningar, – í kvöld, laugardagskvöld og sunnudagskvöld.

Gert er ráð fyrir að farið verði með þessa sýningu til Reykjavíkur og hún sýnd þar, en hún hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda og leikhúsgesta. Leikstjóri og höfundur leikgerðarinnar er Briet Héðinsdóttir, en leikmynd gerir Sigurjón Jóhannesson.

„Prestsfolkíð“

„Prestsfolkíð“ verður sýnt í Lindarba í kvöld kl. 20.30, en það er Nemendaleikhúsið sem stendur að þessari sýningu. Leikstjórnir og leikmyndateiknarinn eru finnskir, Ritva Siikala og Pekka Ojamaa. Sýningin hefur hlotið mjög góða dóma gagnrýnenda.



Ingunn Jensdóttir leikur Skáld-Rósu, en hún er reynd leikkona og býr nú á Hornafirði. Halldór Tjörvi sem Natan.

Leikfélag Hornafjarðar sýnir SKÁLD-RÓSU

Leikfélag Hornafjarðar er um þessar mundir 20 ára og sýnir í tilefni af afmælinu Skáld-Rósu, eftir Birgi Sigurðsson.

Frumsýningin var í gærkvöldi, en leikstjóri að þessari sýningu er Jón Sigurbjörnsson. Hann setti verkíð einnig upp í frumuppfærslunni í Iðni. Ingunn Jensdóttir leikur Skáld-Rósu, en Haukur Þorvaldsson og Halldór Tjörvi Einarsson leika þá Ólaf og Natan. Þess má geta að tveir afkomendur Rósu leika í verkinu, en leikarar eru alls 19 talsins.

Alþýðuleikhúsið:

Súrmjólk á sunnudag

Undanfarið hefur Alþýðuleikhúsið sýnt barnaleikritið Súrmjólk með sultu í grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu.

Leikritið segir frá „venjulegri fjölskyldu“ í eldhúsinu sínu einn sunnudagsmorgun og sýnir að jafnvel í eldhúsinu geta leynst evintýri, enda er undirtitill verksins „evintýri í alvöru“. Nú gefst kostur á að sjá Súrmjólk með sultu í Hafnarbóli á sunnudaginn kl. 15 og verður það 53. sýning.

Í Hafnarbóli eru einnig hafnar sýningar á unglingsleikritinu Bananar, og næstu sýningar verða á Þríðjudag og miðvikudag kl. 20.30

MÍR-salurinn:

Mál dýranna

Kvikmyndasýning verður að venju í MÍR-salunum, Lindargötu 48 n.k. sunnudag, 30. október, kl. 16.

Sýnd verður sovéska kvikmyndin „Mál dýranna“, þar sem greint er frá rannsóknum á tjáskiptum dýra og ýmiss konar merkjamáli sem þau nota í samskiptum sínum. Er þetta mjög fróðleg mynd, enda hlaut hún verðlaun og margvíslega viðurkenningu þegar hún fyrst var sýnd fyrir 10-15 árum.

tónlist

Baroktónlist í Háteigskirkju

Í kvöld verða haldnir tónleikar í Háteigskirkju. Hubert Seelow kontratenór, Sigurlaug Eðvaldsdóttir og Bryndis Pálsdóttir fílluleikarar, Bryndis Gylfadóttir sellóleikari og Orthulf Prunner organisti Háteigskirkju munu flytja kirkjútónlist frá barokktímanum.

Á efnisskrá eru orgelverk eftir Johann Sebastian Bach, kantatana „O Spiritus Angelici“ eftir Giovanni Battista Brevi og artur úr órtavannu eftir Georg Friedrich Händel. Tónleikar þessir hefjast klukkan 20.30.

Tónlistarfélagið:

Píanótónleikar

Í dag, laugardag, verða píanótónleikar á vegum Tónlistarfélagins í Austurbærjartúni. Þeir hefjast kl. 14.30, en einleikari er Eugene List.

Meðleikendur eru Guðný Guðmundsdóttir konsertmeistari og Strengjasveit Tónlistarskólans. Stjórnandi er Mark Reedman.

Á efnisskránni eru verk eftir Brahms og Mendelssohn.

Stúdentakjallarinn:

„Upp og ofan“

UPP OG OFAN, félagsskapur án markmiðs, heldur hátíð, sem öllum er frjálst að sjá, í Félagsstofnun Stúdentanna í kvöld og laugardagskvöld.

Í kvöld koma eftirtaldir hljóm-sveitir fram: Vébandið, Allsherjartítr, O4U og Tappi Tikarrass.

Laugardaginn 30. okt, koma hins vegar eftirtaldir hljóm-sveitir og listamenn fram: Magnús í Hvalnum, Þór Eldon, Þorri, Trúúrinn, Steinar Express og Vonbrigði.

Egó í lands-reisu

Hljóm-sveitin Egó hefur nú lagt land undir fót til kynningar vantalngri hljóplötu sinni, en einnig munu þeir í ferðinni leika lög af fyrstu plötu sinni, Breyttum tímum, og lög af sóloplötum Bubba Morthens, Íshjarnarblús og Plágunn. Auk Bubba eru nú í Egó Magnús Stefánsson, Rúnar Erlingsson (og eru hér þá saman komnir 3/5 Utangarðsmanna sálugu) og Bergþór Morthens.

Í kvöld leikur Egó á Seyðisfirði, á morgun (laugardag) á Norðfirði, á sunnudag á Reyðarfirði, mánudaginn 30. okt. á Laugum, 31. okt. á Húsavík, 1. nóv. á Stóru-Tjórnun í Ljósavatnsskarði, og 2. nóv. í Menntaskólanum á Akureyri, 4. nóv. í Dynheimum.

Stúdentakjallarinn:

Djass á sunnudagskvöld

Djass verður í Stúdentakjallarunum á sunnudagskvöldi og hefjast tónleikarnir kl. 9. Þeir sem spila eru Tómas Einarsson, Friðrik Karlsson, Gunnlaugur Briem og Sigurður Flosason.

ýmislegt

Listmunahúsið:

„Rokk í Frakklandi“

Menningardeild franska sendiráðsins mun standa fyrir sýningu, dagana 30. okt. til 14.nóv. nk. í Listmunahúsinu, sem nefnist „Rokk í Frakklandi“, þar sem kynnt verður rokkötlist í Frakklandi síðustu 25 árin.

Sýningin samanstendur af 24 myndspjöldum og fylgir þeim texti, sem her fylgir með í íslenskri þýðingu.

Þá hefur verið tekin saman 3ja stunda tónlistardagskrá á segulbandi, sérstaklega fyrir þessa sýningu. Þar heyrst í öllum helstu stjórnum franskrar rokkötlistar frá því uppúr 1960.

Einnig mun gefa að líta á sýningunni úrval kvikmynda á myndböndum, sem franska sjónvarpið hefur gert um franska rokköngvora og hljóm-sveitir.

Kynning á Menntaskólanum við Hamrahlíð


Í dag laugardag, þann 30. október, gangast nemendur og kennarar Menntaskólans við Hamrahlíð fyrir almennri kynningu á starfsemi skólans. Kynnt verður áfangakerfi skólans og ennfremur verður gestum gefinn kostur á að skoða náms-efni og kynna sér námstílhögun í hverri grein fyrir sig. Nemendur munu gangast fyrir kynningu á fjölbreyttu félagslífi, og þá mun kór Menntaskólans við Hamrahlíð syngja.

Skáksveit skólans, margfaldir Norurlandameistarar framhaldsskóla, býður gestum að taka þátt í fjöltefli. – Bóðið verður upp á kaffi og bakkelsi, og barnagæsla verður á staðnum. Dagskráin hefst kl. 14.00.

Kaffi hjá Kvennadeild Slysavarnarfélagins

Kvennadeild Slysavarnarfélagins býður öllum félagskonum 65 ára og eldri til kaffidrykkju á morgun, laugardag, kl. 15:00 í húsi Slysavarnarfélagins við Grandagarö.

myndlist



Guðjón og Guðrún opna sýningu í Nýlistasafninu

Guðjón Ketilsson og Guðrún Hrónn Ragnarsdóttir opna í dag, föstudag sýningu í Nýlistasafninu, og verður hún opin frá kl. 16.00–22.00 alla daga vikunnar til 6. nóvember.

Svava Sigríður í Galleri Lækjartorg

Svava Sigríður Gestsdóttir opnar á morgun, laugardag, myndlistarsýningu í Galleri Lækjartorg, og verður hún opin daglega frá 14.00 – 21.00 til 7. nóvember.

Myndlistarsýning í Heilsuhælinu

Í Heilsuhæli Náttúrulekningarfélagins í Hveragerði stendur nú yfir sýning á verkum Grims Marínós Steindórssonar. Hann sýnir bæði málverk og höggmyndir en opið er alla daga frá 14.00-18.00.



Hótel Loftleiðir sími 22322

BLÓMASALUR: Opíð alla daga vikunnar frá kl. 12–14.30 og kl. 19–23.30

VINLANDSBAR: Opíð alla daga vikunnar frá kl. 19–23.30 nema um helgar, en þá er opíð til kl. 01. Opíð í hádeginu kl. 12–13.30 á laugardögum og sunnudögum.

VEITINGABÚÐIN: Opíð alla daga vikunnar kl. 05–20.

Hótel Borg sími 11440

FÖSTUDAGUR Opíð frá kl. 22–03

Diskótekið Disa LAUGARDAGUR Opíð frá kl. 22–03

Diskótekið Disa SUNNUGADUR Opíð frá kl. 21–01.

Nú dansar fólk gömlu dansana. Hljóm-sveit Jóns Sigurðssonar og félagar leikur af alkunnu fjóri.

Hótel Saga sími 20221

FÖSTUDAGUR Atthagasalur: Opíð frá kl. 20.30–03. Hljóm-sveit Birgiss Gunnlaugssonar.

LAUGARDAGUR Súlnasalur: Matur frá kl. 19. Hljóm-sveitin Geimsteinn leikur fyrir dansi til kl. 03.

SUNNUGADUR Einkasamkvæmi. Grillið Opíð öll kvöld frá kl. 19.

Hótel Esja Skálafell sími 82200

FÖSTUDAGUR Skálafell: Opíð frá kl. 19. Haukur Mortens og félagar. Dansað til kl. 01.

LAUGARDAGUR Skálafell: Opíð frá kl. 19. Dansað til kl. 01.

SUNNUGADUR Skálafell: Opíð frá kl. 19. Dansað til kl. 01.

Esjuberg Allar helgar: Okkar gómsætu fjölskyldumáltíðir og fríir hamborgarar fyrir börnin.

Og munið kaffihlaðborðið alla sunnudaga.

artorg, og verður hún opin daglega frá 14.00 – 21.00 til 7. nóvember.

Myndlistarsýningu í Galleri Lækjartorg, og verður hún opin daglega frá 14.00 – 21.00 til 7. nóvember.

Myndlistarsýningu í Heilsuhælinu

Í Heilsuhæli Náttúrulekningarfélagins í Hveragerði stendur nú yfir sýning á verkum Grims Marínós Steindórssonar. Hann sýnir bæði málverk og höggmyndir en opið er alla daga frá 14.00-18.00.

Opíð frá kl. 22.30–03 Hljóm-sveitin Moby Dick og diskótek. LAUGARDAGUR: Opíð frá kl. 22.30–03 Hljóm-sveitin Moby Dick og diskótek.

G læsibær sími 86220 FÖSTUDAGUR: Opíð frá kl. 22–03 Hljóm-sveitin Mars og diskótek.

SUNNUGADUR: Opíð frá kl. 21–01 Hljóm-sveitin Mars.

Þórscafé sími 23333 Föstudagur og Laugardagur Opnað fyrir matargesti kl. 20.00. Dansað til kl. 03. Skemmtikvöld. Dansbandið leikur fyrir dansi á efri hæð en Diskótekið í fullum gangi á neðri hæðinni.

SUNNUGADUR Þórskabarett.

